



Reykjavík, 27. nóvember 2025

USK24120039

ERINDISBRÉF

starfshóps um aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni

Ábyrgðarmaður: Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Inngangur:

Reykjavíkurborg samþykkti stefnu um líffræðilega fjölbreytni 2016 og með henni aðgerðaáætlun um stefnuna fyrir árin 2016-2026. Aðgerðaáætlunin rennur út á næsta ári og því tímabært að endurskoða hana. Gildandi aðgerðaáætlun er yfirgripsmikil með yfir 200 aðgerðum og þar eru tækifæri til þess að skerpa á áherslum stefnunnar.

Nýlega gerðist Reykjavíkurborg þátttakandi í náttúruborgarsamningi Berlínar (Berlin Urban Nature Pact) og þarf að skilgreina að lágmarki 15 aðgerðir úr samningnum sem borgin hyggst innleiða á næstu fimm árum. Samstarfið veitir möguleika á að samnýta það við endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að endurskoða gildandi aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni þannig að innleiðing stefnunnar gangi vel og örugglega.

Helstu verkefni:

1. Greina hvaða verkefni hafa gengið vel í gildandi aðgerðaáætlun og hvað hefur reynst flókið í framkvæmd.
2. Móta tillögu að nýrri aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni.
3. Skilgreina hvaða aðgerðir er fýsilegt fyrir Reykjavíkurborg að innleiða úr Berlin Urban Nature Pact og hvort sé hægt að nýta þá vinnu við endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar.

Starfshópin skipa:

Benedikt Traustason (formaður), skrifstofa umhverfisgæða.

Þórólfur Jónsson, skrifstofu umhverfisgæða.

Hjörtur Þorbjörnsson, Grasagarði Reykjavíkur.

Anna Kristín Einarsdóttir, skrifstofu framkvæmda- og eignaumsjónar.

Britta Magdalena Ágústsdóttir, skrifstofu skipulags- og byggingarmála.

Marta Guðrún Daníelsdóttir, skrifstofa borgarlands.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Fulltrúar í starfshóp skipta milli sín verkum.

Til ráðgjafar og samstarfs:



Reykjavík



Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á t.a.m. deild borgarhönnunar, deild loftslagsmála, deild aðalskipulags, útilífsborgarinnar, dýrabjónustu Reykjavíkur og skóla- og frístundasviðs.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok febrúar 2026.

Ólöf Örvarsdóttir
sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs



Reykjavík